

PCC Bakki Silicon hf
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 9. ágúst 2019
UST201901-031/E H.
08.07.02

Efni: Eftirlit 2019 - PCC Bakki Silicon hf. - Reglubundið eftirlit

Þann 24. maí sl. fór fram eftirlit í PCC á Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar:


1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Lýsing fráviks eins og það kemur fram á eftirlitsskýrslu. Ef nauðsynlegt er að geyma framleiðsluvörur utandyra skal ganga frá þeim þannig að engin hætta sé af rykmengun eða annarri dreifingu. Eftir að hreinsað hafði verið upp kísilryk eftir stíflu í reykhreinsivirki lak nokkuð magn af því í læk og sjó ásamt umhverfi fyrir neðanverksmiðjuna. Kísilrykið þarf að hreinsa betur upp.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. ágúst, 2019.

Virðingarfyllt



Einar Halldórsson



Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	24.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	ÍSAT nr.	09 90 0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með PCC á Bakka. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stoðu fráviks frá gr. 3.21 í starfsleyfi þar sem úrgangsolía var geymd á geymslusvæði úrgangs án lekavarna. Samþykkt úrbótaáætlun sneri að því að byggja sérstaka efnageymslu úr þéttum frystigám norðan við verkstaði innan svæðis. Áætluð verklok voru í vor en framkvæmdin hefur dregist. Úrgangsolía er geymd inn á verkstaði PCC þar til geymslan er tilbúin.

Farið var yfir ábendingar og kvartanir sem stofnuninni hafði borist. Alls hafa borist um 12 ábendingar og kvartanir frá því rekstur hófst, þar af 5 á þessu ári. Í apríl barst ábending og myndir af mengun í læk frá PCC út í haf. Um var að ræða kísilyk sem hafði flætt úr gámum á óbundnu slitlagi. Vegna stíflu í reykhreinsivirki þurfti að hreinsa mikið efni af kísilyki út og mynduðust stórir haugar við reykhreinsivirkið sem var svo hreinsað upp m.a. með blauthreinsibúnaði á bílum. Blautu kísilyki var svo komið fyrir í áðurnefnda gáma sem láku í umhverfið fyrir neðan verksmiðjuna. Önnur ábending barst varðandi urðun við Húsavíkurfjall en skv. rekstraraðila er um að ræða urðunarstaðinn við Laugardal þar sem kerbrot eru urðuð frá verksmiðjunni.

Rætt var um mæliáætlun og niðurstöður mælinga. Niðurstöður liggja fyrir úr frárennismælingu en svifagnir mælast langt yfir starfsleyfismörkum. Skv. Verkfræðistofnunni. Eflu sem framkvæmdir mælingarnar var ekki hægt að mæla rennsli en megininnihald frárennslisins er skólp frá eldhúsum og persónuástoðu. Verið er að skoða hvort þorf sé á mælingunum. Ekki verður skráð frávik að svo stöddu og verður farið aftur yfir málið í næsta eftirliti.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila sem en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfnast tafarlausráðgjafar koma upp. Neyðarlínan hefur kallar svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið.

Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir ál- og kísilver. Notast verður við áhættumat til að ákvarða tíðni vettvangsferða á næsta ári.

Farið var í vettvangsferð en skoðað var svæðið fyrir neðan verksmiðjuna þar sem kísilykið hafði flætt yfir. Ljóst er að um nokkuð magn var að ræða og hreinsa þarf betur upp. Kallað var eftir atvikaskráningu atviksins sem barst að eftirliti loknu ásamt oryggisblaði efnisins. Kísilyk er ekki skilgreint sem hættulegt umhverfinu en í miklu magni hefur það áhrif á umhverfið.

Að loknu eftirliti fór fram samráðsfundur skv. gr. 2.3.

Frávik frá

frá grein 3.3

Lýsing á fráviki

Ef nauðsynlegt er að geyma framleiðsluvorur utandyra skal ganga frá þeim þannig að engin hætta sé af rykmengun eða annarri dreifingu. Eftir að hreinsað hafði verið upp kísilyk eftir stíflu í reykhreinsivirki lak nokkuð magn af því í læk og sjó ásamt umhverfi fyrir neðan verksmiðjuna. Kísilykið þarf að hreinsa betur upp.

ANNÆÐ

Viðstaddir eftirlitið voru einnig Rúnar Sigurpálsson frá PCC og Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra

- 1 Fravík Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum
- 2 Athugasemd Astand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og oryggis en sem ekki geta talist fravík

Reykjavík, 08.08.2019


Einar Halldórsson